

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 7. janúar 2019
UST201812-121/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Rangárþing ytra - Meiri-Tunga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Meiri-Tungu 7 í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan tekur til nýrrar 1,25 ha lóðar sem stofnuð er úr landi jarðarinnar Meiri-Tungu 2 í Rangárþingi ytra. Auk þess kemur fram að á lóðinni er fyrirhugað að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús, í tengslum við búrekstur á jörðinni. Í greinargerð kemur einnig fram að byggingareitur nýrrar lóðar er í um 300 m fjarlægð frá eldishúsum þar sem eru um 40.000 stæði fyrir þauleldi kjúklinga en eldisbúið er á lóð (landnr. 220669) sem er stofnað úr landi Meiri-Tungu 2.

Umhverfisstofnun bendir á að staðsetning eldishúsa og fjarlægðir frá byggingarreit nýrrar lóðar að eldishúsum, koma ekki fram á skýringarupprætti tillögunnar líkt og fjallað er um í greinargerð.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur